

ÞORGEIR SIGURÐSSON

Hví skal eigi drepa Egil?

Vísnaeyður í Möðruvallabók

Fjórðungur vísna í Egils sögu í Möðruvallabók er skrifaður í textaeyður sem skrifari sögunnar tók frá fyrir þær. Þrjár eyður eru óútfylltar. Í þessari grein segi ég frá rannsókn á bleki vísanna sem leiðir í ljós að ólíklegt er að sá sem skrifaði þær hafi verið samstarfsmaður söguskrifarans. Ég sýni enn fremur að fylla hefði mátt í eyðurnar á annan hátt en vísaskrifarinn gerði þannig að engin eyða stæði auð og allur varðveittur kveðskapur Egils kæmist fyrir í aðalgerð sögunnar í Möðruvallabók.

Aðalskrifari Möðruvallabókar skildi eftir eyður fyrir allmargar vísur í Egils sögu. Annar skrifari, sem ég kalla vísaskrifarann, hefur fyllt þær flestar. Lítið er vitað um þessa skrifara annað en að þeir hafa báðir skrifað fleiri varðveitt handrit (de Leeuw van Weenen 2000:22–23). Af 56 vísum og tveimur víshelmingum sem nú eru í Egils sögu Möðruvallabókar er fjórðungur skrifaður með hendi vísaskrifarans (1¼ vísu, númer 1, 8, 9, 19, 20, 24, 32 (vísuorð 7–8), 33 (nema fyrstu tvö orðin), 34, 35, 36, 38, 42, 49 og 50; de Leeuw van Weenen 2000:22). Þrjár eyður eru enn auðar. Bjarni Einarsson (2001:xxix) lýsir þeim þannig:

I tre tilfælde er den beregnede plads til en strofe ikke udfyldt. Første gang er i kap. 59,108, efter at Kong Eiríkr som svar på Egills hilsen i str. 33 truer ham med døden: *þa quað Egill [...]*. Men ingen vil nogen sinde få Egills utvivlsomt frejdige svar at høre. Næste gang befunder Egill sig i Eiðaskógr under rejset til Vermaland, hvor han på en forbavsende måde forbereder sig mod et fjendtligt overfald, kap. 75,33. Tredje gang fortælles det, at Egill har hørt gode nyheder fra Norge; hans gamle ven, Arinbjörn, er vendt tilbage til sine besiddelser i Norge, hvor han nyder Kong Haraldr gráfeldrs gunst: *þa orti Egill kuæði vm Arinbiorn [ok] er þetta vpphaf at*, kap 78,108. Derefter er der efterladt plads, som netop ville passe til en strofe i Arinbjarnarkviðas metrum, *kviðuhátt*. Det skal tilføjes, at der i intet af disse tre tilfælde findes spor af strofer i de to andre redaktioner af sagaen.

Þó að fyrsta erindi ARINBJARNARKVIÐU sé ekki í hinum tveimur gerðum sögunnar er það auðfundið vegna þess að ARINBJARNARKVIÐA er skrifuð



aftan við söguna í Möðruvallabók. Í næstu köflum greinarinnar beini ég sjónum mínum að hinum tveimur óútfylltu eyðunum og ræði hvernig mætti fylla þær. Ég byrja á yfirliti um varðveittar lausavísur Egils. Ég nota tölusetningu Finns Jónssonar (1886–1888) á vísu í Egils sögu. Útgefendur Egils sögu nota allir sömu tölur fram að vísu númer 50 sem er fyrsta erindi SONATORREKS.

1. Lausavísur Egils sem ekki eru í Möðruvallabók

Egils saga er varðveitt í þremur gerðum sem Bjarni Einarsson (2001:xix–xxiv) kallar A, B og C. Möðruvallabók er helsta heimildin um A-gerðina sem einnig má kalla aðalgerð sögunnar. Hún er efnismeiri en hinar gerðirnar og jafnan lögð til grundvallar útgáfum.

Aðalgerð Egils sögu hefur fleiri vísur en hinar gerðirnar. Upphafserindi þriggja kvæða, AÐALSTEINSDRÁPU, BERUDRÁPU og SKJALDARDRÁPU, eru hvergi nema í Egils sögu í Möðruvallabók. Af útgáfu Finns Jónssonar (1912–1915 A I:57, 58, 59) að dæma, gildir hið sama um þrjár lausavísur Egils. Þær eru númer 43 (*Sjálfráði lét slæður*), 53 (*Þverra nú, þeir er þverrðu*) og 61 (*Hvarfa ek blindr of branda*) í Egils sögu (2003:125–126, 164, 179). Ef frá eru talin kvæðin ARINBJARNARKVIÐA, SONATORREK og HÖFUÐLAUSN, inniheldur Egils saga í Möðruvallabók næstum allan varðveittan kveðskap Egils Skalla-Grímssonar. Hér á eftir verður talið upp það litla sem á vantar.

Tvö blöð hafa týnst úr Möðruvallabók með fjórum lausavísu Egils (vísur 10, 11, 25 og 26 í sögunni, sjá Bjarna Einarsson 2001:xxix–xxx). Texti þessara blaða er til í afritum og þar eru vísurnar, auk þess sem þær eru í hinum tveimur gerðum sögunnar.

Í Möðruvallabók vantar fyrri helming vísu 23 (*Ókynni vensk, ennis, Egils saga* 2003:84) en seinni helmingurinn er til staðar (á blaðsíðu 83r í Möðruvallabók). Öll vísan er varðveitt í B-gerð sögunnar (Wolfenbüttelbók). Finnur Jónsson (1886–1888:iii), Sigurjón Páll Ísaksson (1994:111) og Bjarni Einarsson (2001:xxvii–xxviii) töldu að sá vísuhelmingur sem er til staðar væri hvorki skrifaður af aðalskrifara né vísaskrifaranum, heldur af þriðja skrifaranum. Andrea de Leeuw van Weenen taldi hins vegar óþarft að gera ráð fyrir einum skrifara í viðbót. Munurinn á skriftinni, sem er stærri í byrjun, væri sennilega vegna þess að aðalskrifari hefði tekið í notkun nýjan penna (fjöður) sem olli því að skriftin breyttist á meðan hann vandist pennanum (2000:23). Ég tek undir með henni að





ekki þurfi að vera önnur hönd á þessum víshelmingi. Á eftir vísu 23 kemur stuttur texti og síðan vísa 24 (*Sef-Skuldar fel ek sjaldan, Egils saga* 2003:85), skrifuð af vísnaskrifara í eyðu sem aðalskrifari hafði skilið eftir á sömu blaðsíðu (83r). Reyndar er hugsanlegt að upphaflega hafi aðalskrifari skilið eftir eina stóra eyðu (10,5 línur) fyrir tvær lausavísur (númer 23 og 24 í sögunni) og texta í kringum þær, en seinna hafi hann sjálfur fyllt út fyrri hluta eyðunnar með texta sem aðeins hafði helming vísunnar. Þess vegna var eyðan of stór og því notaði hann vísvitandi stórt letur til að byrja með en minnkaði það í eðlilega stærð þegar hann sá að plássið fyrir vísu númer 24 yrði hóflegt (það er engu að síður óvenju stórt). Víshelmingurinn sem vantar í Möðruvallabók er ekki heldur til staðar í elsta handriti Egils sögu, svonefndu þeta-broti (AM 162 A þeta fol), en þar er gert ráð fyrir honum með útfylltri eyðu á eftir þeim víshelmingi sem er til staðar í Möðruvallabók. Með öðrum orðum er sá helmingur sem vantar talinn fyrri hluti vísu í Wolfenbüttelbók en síðari hluti í þeta-brotinu (Bjarni Einarsson 2001:xxviii). Þeta-brotið telst til aðalgerðar Egils sögu eins og Egils saga í Möðruvallabók og þess vegna má segja að aðalgerðin geri ráð fyrir allri vísunni (Bjarni Einarsson prentar brotið í *Egils sögu* 2001:88–100).

Í Snorra-Eddu, í viðaukum hennar og málfræðiritgerðum, er víða vitnað í kvæði og vísur Egils. Hingað til hefur verið talið að þar sé engin lausavísa sem ekki sé einnig í Möðruvallabók nema einn vísuþjórdungur í Þriðju málfræðiritgerðinni. Fyrri vísuorð hans er: *Vrungu varrar Gungnis* (Sigurður Nordal 1933:301). Í fjórða kafla sýni ég að í Möðruvallabók gæti verið útfyllt eyða fyrir þetta vísubrot í frásögn af Vermalandsför Egils.

Ég hef nýlega haldið því fram að vísa undir kviðuhætti sem eignuð er Agli og varðveitt er í Þriðju málfræðiritgerðinni sé ekki síðasta erindi ARINBJARNARKVIÐU (Þorgeir Sigurðsson 2013:30–31). Fyrsta vísuorðið er: *Var ek árvakr* (*Egils saga* 2003:162). Þessi vísa gæti hins vegar átt heima sem lausavísa í Egils sögu. Hún passar ekki í útfyllta eyðu í Möðruvallabók en hún gæti komið í stað einnar vísu vísnaskrifarans (vísu 34 í sögunni) og sú vísa gæti verið vísan djarfa (*frejdige*) sem fjallað verður um í næsta kafla.

Ég nefni að lokum tvær vísur frá 13. öld sem Egill á að hafa kveðið yfir mönnum í draumi. Önnur er í Íslendingasögu Sturlu Þórðarsonar og er vel þekkt (*Seggr sparir sverði at hoggva*, Finnur Jónsson 1912–1915 B II:147) en um hina skrifaði ég nýlega í *Són* (*Þykkt blóð, þreytask rekkar*, Þorgeir Sigurðsson 2016:50–54).





2. Vísan djarfa

Í Egils sögu er sagt frá ferð Egils til Jórvíkur þar sem hann hitti Eirík blóðöx konung og fór með kvæðið HÖFUÐLAUSN, elsta kvæði með endarími á norræna tungu. Aðalskrifari Möðruvallabókar skrifaði ekki neinar vísur með þeirri frásögn en hann skildi eftir fimm eyður fyrir vísur. Vísaskrifarinn fyllti fjórar þeirra með vísu en ein stendur auð. Þetta eru vísur 33, 34, 35 og 36 í sögunni. Óútfyllt eyða kemur á eftir vísu 33. Ein af þessum fjórum vísu (númer 34) er undir kviðuhætti. Fyrstu tvö vísuorðin eru þannig í útgáfu Bjarna Einarssonar (*Egils saga* 2003: 113): *Erumka leitt / þótt ljótr of sé*. Nú legg ég til að þetta sé vísan djarfa sem Bjarni saknaði og ég set hana í eyðuna (og þá verður til ný eyða sem ég ræði í 3. kafla hér á eftir). Eftirfarandi er texti Möðruvallabókar samkvæmt *Egils sögu* (2003:102–104, 113). Eyðan með vísu 34 er í lok eftirfarandi frásagnar:

Konungr sat yfir borðum. Arinbjörn bað þá ganga inn tólf menn, nefndi til þess Egil ok tíu menn aðra:

‘Nú skaltu, Egill, færa Eiríki konungi höfuð þitt ok taka um fót honum, en ek mun túlka mál þitt.’

Síðan ganga þeir inn; gekk Arinbjörn fyrir konung ok kvaddi hann. Konungr fagnaði honum ok spurði hvar er hann vildi.

Arinbjörn mælti: ‘Ek fylgi hingat þeim manni er kominn er um langan veg at sækja yðr heim ok sættask við yðr; er yðr þat vegr mikill, herra, er óvinir yðrir fara sjálfviljandi af oðrum löndum ok þikjask eigi mega bera reiði yðra þó at þér séð hvergi nær. Láttu þér nú verða höfðingliga við þenna mann; lát hann fá af sætt góða fyrir þat er hann hefir gert veg þinn svá mikinn sem nú má sjá, farit yfir mörq höf ok torleiði heiman frá búum sínum; bar honum enga nauðsyn til þessar farar nema góðvili við yðr.’

Þá litaðisk konungr um ok sá hann fyrir ofan höfuð mǫnnum hvar Egill stóð ok hvessti augun á hann ok mælti:

‘Hví vartu svá djarfr, Egill, at þú þorðir at fara á fund minn? Leystisk þú svá heðan næstum at þér var engi ván lífs af mér.’

Þá gekk Egill at borðinu ok tók um fót konungi; hann kvað þá:

[v. 33]

Kominn em ek á jó Íva
 angrbeittan veg langan
 ǫldu enskrar foldar
 atsitjanda at vitja.
 Nú hefir sískelfir sjálfan
 snarþátt Haralds áttar





viðr ofrhuga yfrinn
undar blíks of fundinn.

Eiríkr konungr sagði: 'Ekki þarf ek at telja upp sakir á hendr þér, en þó eru þær svá margar ok stórar at ein hver má vel endask til at þú komir aldri heðan lífs; áttu engis annars af ván en þú munt hér deyja skulu; máttir þú þat vita áðr at þú mundir enga sætt af mér fá.'

Þá kvað Egill:

[Erumka leitt
þótt ljótr of sé
hjálmá klett
af hilmi at þiggja.
Hvar er sá er gat
af göfuglyndum
æðri gjöf
allvalds syni?]

Gunnhildr mælti: 'Hví skal eigi drepa Egil, eða mantu eigi nú, konungr, hvat Egill hefir gert, drepit vini þína ok frændr ok þar á ofan son þinn, en nítt sjálfan þik; eða hvar viti menn slíku bellt við konungmann?'

Arinbjörn segir: 'Ef Egill hefir mælt illa til konungs þá má hann þat bæta í lofsorðum þeim er allan aldr megi uppi vera.'

(*Erumka* merkir 'er mér ekki.' *Hjálmá klettur* er kenning fyrir höfuð. *Allvaldr* og *hilmir* eru heiti á konungi.)

Arinbjörn segir Eiríki að Egill hafi komið um langan veg að finna Eirík. Þetta staðfestir Egill með fyrri vísu sinni (*Kominn em ek á jó Íva*) og hann segist koma með „ofrhuga yfrinn“ (sýna dirfsku). Arinbjörn segir að Eiríki sé heiður að því að Egill hafi komið sjálfviljugur þennan langa veg á fund hans. Hann skorar á hann að verða höfðinglega við Egil og láta hann fá sætt góða. Þetta hljómar líkt og hann biðji Eirík um að gefa Agli gull eða önnur verðmæti.

Seinni vísu Egils (*Erumka leitt*) má skilja sem viðbót eða athugasemd um þá góðu sætt sem Arinbjörn bað um. Egill segir: Mér er ekki leitt (mér þykir ekki slæmt) að þiggja höfuð, þótt það sé ljótt. Hver hefur þegið æðri gjöf af konungssyni? Með þessu biður Egill um líf sitt framar öllu öðru. Egill er djarfur að kalla ljótt höfuð æðstu gjöf hins göfuglynda konungssonar en það er sannmæli frá sjónarhóli allra þeirra sem þegið hafa slíka gjöf og það er smellið hjá Agli að benda Eiríki á að hann gæti gefið svo dýra gjöf. Það er undarlegt í þessari vísu að tala um konungs son (allvalds son) en verður eðlilegra með því að vísan kemur beint á

eftir vísu (númer 33 í sögunni) þar sem Egill segist hafa fundið „snarþátt Haralds áttar“ (snaran þátt af ætt Haralds, föður Eiríks).

Lausamálið er hér eins og í Möðruvallabók. Í öðrum gerðum sögunnar eru textafrávik og koma nokkur þeirra fram í útgáfu Bjarna Einarssonar (*Egils saga* 2003:102–104). Flest hafa frávikin litla þýðingu nema á eftir seinni vísunni, en þar segir Gunnhildur: Hví skal eigi (þegar) drepa Egil? Orðið (þegar) er ekki í Möðruvallabók. Sigurður Nordal (1933:180) hafði það með í útgáfu sinni, án athugasemdar, líklega vegna þess að það passar betur þegar engin vísa er í eyðunni. Það er hins vegar betra að vera án þess þegar vísan „Erumka leitt“ er í eyðunni, vegna þess að í henni biður Egill um að verða ekki drepinn.

Vísan djarfa er efnislega góð. Hún er í samræmi við þá lífsspeki Egils sem kemur fram í kvæði hans SONATORREKI að ekki sé rétt að þiggja manngjöld og bera með því mannlíf og gull saman (sjá til dæmis erindi 15). Í ARINBJARNARKVIÐU segir Egill beinlínis að konungsgjöfin hafi verið gulli betri (*Egils saga* 2003:158). Bragfræðilega er vísan hinsvegar gölluð. Ég nota texta Bjarna Einarssonar, en hann leitast við í útgáfu sinni að fylgja náði texta handrita. Finnur Jónsson (1912–1915 B I:48) breytti vísunni talsvert. Eitt vandamál við vísuna er að á 10. öld má gera ráð fyrir *séi* með tveimur atkvæðum í öðru vísuorði. Ef vísan er ekki frá 10. öld ætti hún ekki að hafa fylliorðið *of* og miðmyndin *erumka* er fornleg. Fleiri vandamál fylgja vísunni en ég ræði þau ekki nánar þar sem þau tengjast ekki beint viðfangsefni greinarinnar.

Spurning Gunnhildar „Hví skal eigi drepa Egil?“ og orð hennar um að Egill hafi nítt Eirík gefa Arinbirni tilefni til að koma því á framfæri að Egill geti ort lof um Eirík sem aldrei muni gleymast.

3. Önnur djörf vísa

Vísa 34 (*Erumka leitt*), sem ég legg til að flytja megi í óutfyllta eyðu, er annars í frásögn af sáttagerð Eiríks konungs sem hann segir raunar að sé ekki sætt. Eiríkur gefur Agli höfuð sitt og á þessum stað lýsir vísan þakklæti Egils vegna þess. Meginástæðan fyrir því að flytja vísuna er að þetta er góður staður fyrir aðra djarfa vísu sem varðveitt er í Þriðju málfræðiritgerðinni. Hér á eftir fer frásögnin um sáttagerðina og á eftir henni læt ég fylgja þessa vísu (í stað vísu 34). Ég nota texta Bjarna Einarssonar (*Egils saga* 2003:112–113, 162) fyrir bæði lausamálið og vísuna.



Eiríkr konungr sat upprétt meðan Egill kvað kvæðit ok hvessti augun á hann; ok er lokit var drápunni þá mælti konungr:

‘Bezta er kvæðit fram flutt, en nú hefi ek hugsat, Arinbjörn, um mál vart Egils, hvar koma skal. Þú hefir flutt mál Egils með ákafa miklum er þú býðr at etja vandræðum við mik. Nú skal þat gera fyrir þínar sakir sem þú hefir beðit at Egill skal fara frá mínum fundi heill ok ósakaðr. En þú, Egill, háttu svá ferðum þínum at síðan er þú kemr frá mínum fundi af þessi stufu, þá kom þú aldregi í augsýn mér ok sonum mínum ok verð aldri fyrir mér né mínu liði. En ek gef þér nú höfuð þitt at sinni; fyrir þá sök er þú gekkt á mitt vald þá vil ek eigi gera níðingsverk á þér, en vita skaltu þat til sanns at þetta er engi sætt við mik né sonu mína ok enga frændr vára þá sem réttar vilja reka.’

Þá kvað Egill:

[Var ek árvakr,
bar ek orð saman
með málþjóns
morginverkum,
hlóð ek lofkost
þann er lengi stendr
óbrotgjarn
í bragar túni.]

(*árvakur*: sá sem vaknar snemma, *morginverk*: verk unnin að morgni, *málþjónn*: skáld eða tunga þess.)

Í lausamálstextanum hér að ofan segir Eiríkur við Arinbjörn að Egill fái að fara frá sér heill og ósakaður (óskaddaður) eins og Arinbjörn hafi beðið um. Þetta hljómar líkt og til greina hafi komið að limlesta Egil, blinda eða vana. Við Egil segir Eiríkur að hann gefi honum höfuð sitt. Það má skilja sem vísun í ósk Egils um höfuð sitt þegar Arinbjörn bað um góða sætt, en Eiríkur tekur þó sérstaklega fram að þetta sé ekki sætt.

Vísan er í Þriðju málfræðiritgerðinni höfð sem dæmi um *perifrasis* sem Ólafur þýðir sem *umkringingarmál*. Í latneska textanum sem Ólafur byggði verk sitt á, er orðið þýtt sem *circumlocutio* (sbr. ensku *circumlocution* ‘að tala í kringum hlutina’), sjá Finn Jónsson (1927:81–82). Ef vísan á heima hér, er hún gott dæmi um slíkt mál. Egill orti auðvitað ekki HÖFUÐLAUSN á meðan hann bjó um rúmið og klæddi sig (vann morgunverkin). Vísan vitnar um skopskyn Egils og djarfmennsku. Án vísunnar væri ekkert í sögunni um að HÖFUÐLAUSN hafi verið gott kvæði





annað en orð Eiríks „Bezta er kvæðit fram flutt.“ Kvæðið er ekki í Möðruvallabók og ekki er gert ráð fyrir fyrsta erindi þess með eyðu. Eiríkur nefnir kvæðið ekki sem ástæðu fyrir því að Egill fær að lifa. Með vísunni kemur Egill kvæðinu að og lætur orð Arinbjarnar rætast um lofsorð sem „allan aldr megi uppi vera.“ Vísan er góð, efnislega og bragfræðilega. Ólafur Þórðarson sýndi að hann kunni að meta hana með því að hafa hana með í dæmasafni sínu.

4. Í Eiðaskógi í Vermalandsför

Í frásögn af Vermalandsför Egils, þar sem Egill býr sig undir fyrirsát í Eiðaskógi, er óútfyllt eyða fyrir vísu í Möðruvallabók. Inn í eyðuna hef ég sett vísufrjórdung úr Þriðju málfræðiritgerðinni. Lausamálstextinn er texti Möðruvallabókar samkvæmt Bjarna Einarssyni (*Egils saga* 2003: 140) en fyrir vísuna nota ég texta Sigurðar Nordal (1933:301) í viðauka við Egils sögu hans:

Síðan kasta þeir Egill af sér skikkjum ok ǫllum lausaklæðum; leggja þeir þat í sleða. Egill hafði haft í sleða sínum bastlínu mjök mikla, því at þat er siðr manna er aka langar leiðir at hafa með sér lausataugir, ef at reiða þarf at gera. Egill tók hellustein mikinn ok lagði fyrir brjóst sér ok kviðinn. Síðan rábendi hann þar at tauginni ok vafði henni sívafi ok bjó svá allt upp um herðarnar. Þá kvað Egill:

Vrungu varrar Gungnis
varrar lungs, of stunginn.

Þessi vísufrjórdungur er undir dunhendum hætti, en í honum er alrím (aðalhending) á milli síðara ríms í fyrri vísuorði og aðalhendinga í því síðara. Hér er alrím í báðum vísuorðum sem gerir þennan vísufrjórdung sérlega dýran. Dunhendur eru algengar í Egils sögu (sjá grein Guðrúnar Nordal 2015). Egill og lærisveinn hans, Einar skálaglamm, ortu marga vísufrjórdunga undir hættinum (sjá samantekt um notkun skálda á þessum hætti hjá Hollander 1946). Helgi Hálfðanarson (1954:75–79) bendir á líkindi með dunhendum og runhendu kvæði Egils, HÖFUÐLAUSN, en segja má að í dunhendum sé endarím. Í Þriðju málfræðiritgerðinni er þessi vísufrjórdungur notaður til að sýna dæmi um orð í kveðskap sem byrja á *vr-* (sjá umfjöllun Hauks Þorgeirssonar 2016:40–41 um *vr-* í kveðskap). Útgefendur vísunnar hafa ekki treyst sér til að túlka hana, þótt orðin í vísunni séu skiljanleg. Eftirfarandi eru orðskýr-





ingar mínar. Ekkert í þeim er nýstárlegt nema túlkun mín á orðinu *stál* (sjá hefðbundnar skýringar hjá Finni Jónssyni 1927:100, Sigurði Nordal 1933:301 og í nýrri útgáfu Clunies Ross 2017:66):

Vrungu: Sneru eða undu upp á. *Varrar*: varir. *Gungnir*: Spjót Óðins, *varrar Gungnis*: varir Gungnis = eggjar spjóts. *Lung* (*hvorugkyn*): skip, *varrar lungs*: varir skips (efsti hluti skipsstafns) = stál. *Varrar lungs vrungu varrar Gungnis, of stunginn*: Varir skips sneru upp á varir Gungnis, (sem var) stunginn eða: Stál vatt upp á eggjar spjóts. Stál getur verið hlið á kletti. Lýsingarhátturinn *of stunginn* virðist mér aðeins geta vísað til Gungnis (spjótsins) sem var stunginn en það ættu frekar að vera *varir* sem voru stungnar. Hér hefur skáldið hugsanlega hellusteininn í huga sem var stunginn og gæti verið nefndur í öðrum hlutum vísunnar. Sögnin *vringa* er hér í þáttíð sem myndi benda til að vísan ætti að koma síðar í sögunni, en þetta gæti líka skýrst af öðrum hlutum vísunnar sem vantar. Tilvitnanir í Þriðju málfraeðiritgerðinni eru oft ekki heilar vísur heldur aðeins brot úr þeim. Einfalt væri að breyta um tíð og hafa: *Vringa varrar Gungnis*. Við það fengist rétt kveðin dunhenda, en ekki jafn dýrt kveðin vísa.

Ég skil vísuna þannig að í henni sé því lýst sem gerist ef spjóti er stungið í hellustein. Fyrir í Egils sögu er því lýst hvernig fór fyrir exi sem Skalla-Grímur hjó í hellustein „en øxin hljóp niðr í steininn svá at muðrinn brast ór allr ok rifnaði upp í gegnum herðuna“ (*Egils saga* 2003:51).

Sigurður Nordal (1933:235) segir frá þremur sögum þar sem menn binda á sig hellur til hlífðar þegar þeir eru brynjulausir en búast við bardaga. Í slíkum sögum má búast við frásögn af því hvernig það gagnast en í Egils sögu er ekki minnst á hellusteininn aftur. Vísan sem átti að koma í eyðuna er líklega eina ástæðan fyrir því að sagt var frá honum í sögunni.

Litlar heimildir eru til um sögnina *vringa*. Af henni er dregið lýsingarorðið *rangur* sem upphaflega merkir *snúinn* samkvæmt orðsifjabók Ásgeirs Blöndals Magnússonar. Sögnin er til í nútímaensku (*wring*) og kemur fyrir í fornensku og miðlágþýsku en ekki í Norðurlandamálum nema í þessari lausavísu Egils og hugsanlega einnig í annarri lausavísu sem eignuð er Gretti (*Þat gerik ávalt, es vetrar*, Finnur Jónsson 1912–1915 B I:288). Í þeim tveimur handritum sem geyma texta Vermalandsvísunnar stendur *vrungu* í öðru (AM 748 I b 4to) en *vröngu* í hinu (AM 242 fol) (Finnur Jónsson 1927:61). Ég nota textann *vrungu* og geri ráð fyrir að orðið sé sögn vegna þess að annars fæst ekki skiljanlegt mál. Handritið sem hefur þann texta er eldra og geymir vafalaust besta texta Þriðju málfraeðiritgerðarinnar að áliti Finns Jónssonar (1927:18).





Samkvæmt orðsifjabók Ásgeirs Blöndals Magnússonar hefur orðið *stál* fleiri en eina merkingu. Orðið er af tvenns konar rótum. Annars vegar er það málmur en hins vegar merkir það meðal annars a) efsti hluti stafns á skipi og b) slétt lóðrétt hlið á stafla eða kletti og er sú merking lifandi í nútímamáli. Egill þekkti vel þá merkingu sem tengist skipi, sbr. vísu hans númer 32 í sögunni: *Þél høggr stórt fyrir stáli* (*Egils saga* 2003: 98–99), þar sem hann notar orðið *stál* tvisvar. Orðið *stál* er væntanlega einnig hægt að hafa um hellusteininn sem Egill setti framan á sig (sbr. *klettastál* í nútímamáli). Þessi orðaleikur gæti verið dæmi um það sem Snorri kallaði *ofljóst*. Í útgáfu sinni á HÁLEYGIATALI kallar Poole (2012: 206) það ofljóst þegar nafnið *Hallgarður* er notað í stað *Grjótgarður*. Hallur og grjót geta bæði verið *steinn* en Poole bendir á að skáldin virðast hafa haft sérstakt dálæti á að nota heiti fyrir *stein* í ofljósu máli („Heiti for ‘stone’ are among the favorite subjects of *ofljóst*“). Egill kallaði vin sinn Arinbjörn *grjótbjörn* af því að *steinn* getur verið *arinn* (sjá 17. erindi ARINBJARNARKVIÐU, *Egils saga* 2003:160). Í Vermalandsvísunni virðist mér Egill nýta sér að *steinn* getur merkt *klettastál* (a.m.k. þegar hellusteinn stendur upp á rönd) og *stál* er einnig fremsti hluti skipsstafns. Þetta ætti að vera skiljanlegt, jafnvel þeim sem ekki þekkja *ofljósa* orðanotkun skálda. Eins og fyrir sagði byggist ofangreind túlkun vísunnar á því að tengja hana við frásögnina af hellusteininum. Það virðast fræðimenn ekki hafa gert fyrir og því er ekki skrítið að vísan hafi ekki áður verið túlkuð á þennan hátt.

5. Um eyðurnar

Grundvallarspurning um eyðurnar í Möðruvallabók er hvort vísurnar í þeim tilheyrir aðalgerð sögunnar eða hvort líta beri á þær sem lán vísna-skrifans úr öðrum gerðum hennar. Ef hið síðara er rétt má með meiri rétti leita nýrra leiða til að fylla eyðurnar.

Sigurður Nordal (1933:xv) sagði að aðalskrifari hefði skilið eftir eyður „af því að hann treysti öðrum skrifara betur við vísurnar.“ Andrea de Leeuw van Weenen (2000:23) telur þetta ólíklegt vegna þess að aðalskrifari Möðruvallabókar var vanur vísna-skrifari, sem sjálfur skrifaði allar vísur í öðrum sögum Möðruvallabókar og flestar vísanna í *Egils sögu*. Henni finnst líklegra að vísurnar hafi ekki verið í forriti aðalskrifara eða í þannig ástandi að hann gat ekki lesið þær. Hún orðar þetta svo:





Why the main scribe left some verses open remains difficult to understand. Sigurður Nordal suggested in his edition of Egils saga, that the scribe didn't feel enough at home with the poems. This seems rather unlikely when we consider the amount of verses that he did copy elsewhere in the saga and in Kormáks saga. It seems therefore more likely that the verses that he left open either were not in his original at all, or in such a state that he could not read them. In that case the second scribe either provided them from memory or from a different manuscript.

Sigurjón Páll Ísaksson (1994:111) komst áður að líkri niðurstöðu: „Sigurður Nordal skýrir þetta með því að aðalskrifari hafi treyst öðrum manni betur til að fást við vísurnar. Fullt eins líklegt er að þessar vísur hafi ekki verið í handritinu sem skrifað var eftir, eða þá mjög afbakaðar, en síðar fengizt annað handrit til að bæta úr því.“ Beint liggur við að ætla að handritið (eða handritin) sem vísnaskrifari notaði hafi líkst þeim handritum af Egils sögu sem enn eru til. Í þau handrit vantar vísuna úr Eiðaskógi og ekki er gert ráð fyrir tveimur vísnum þegar Arinbjörn og Egill komu fyrst á fund Eiríks, heldur aðeins einni. Í þeim er vísa 34 (*Er-umka leitt*) á sama stað og vísnaskrifari setti hana.

Bjarni Einarsson gerir ráð fyrir tveimur vísnaskrifurum, sbr. umfjöllun í 1. kafla hér að framan um 23. vísu sögunnar. Hann kallar þá aðstoðarmenn (*assistenter*) og virðist telja vafalaust að þeir hafi á köflum unnið náíð með aðalskrifara sem bendi til að þeir hafi báðir búið á þeim stað þar sem Möðruvallabók var skrifuð. Hann áréttar að ekki sé unnt að skera úr um það hvort vísurnar séu úr öðru handriti en aðaltextinn, en bæði Sigurjón Páll Ísaksson og de Leeuw van Weenen töldu sennilegt að svo væri. Þannig segir Bjarni (2001:xxix):

Både hovedskriveren og (i hvert fald den første af) hans assistenter har været professionelle og repræsenterer forskellige skri-verskoler. Det delvis tætte samarbejde imellem dem lader formode, at de har været bosat på det sted, hvor M blev skrevet. Det kan ikke afgøres, om assistenterne har haft selvstændige forlæg for de strofer, som de har indsat i teksten.

Bjarni skýrir ekki hvað hann á við með því að á milli skrifaranna hafi að hluta til verið náíð samstarf („det delvis tætte samarbejde“). Ég tel hins vegar að hægt sé að sýna að á milli aðalskrifara og vísnaskrifarans hafi ekki verið náíð samstarf og þar með verður það ólíklegra að vísnaskrifari hafi notað sama forrit (*forlæg*) og aðalskrifari. Þetta sést annars




vegar á blekinu sem skrifararnir notuðu og hins vegar á því hversu oft vísur passa illa í eyður.

Vísaskrifarinn notaði aðra tegund af bleki en aðalskrifari, nema í vísu númer 8 (*Sögðuð sverri flagða, Egils saga* 2003:58). Bjarni Einarsson (2001:xxvii) gerir ráð fyrir að vísaskrifari hafi skrifað þá vísu alla en hún er greinilega skrifuð með tvenns konar bleki og er fyrri helmingurinn með bleki sem líkist bleki aðalskrifara en seinni helmingurinn er með bleki sem líkist því sem vísaskrifarinn notaði annars staðar. Vísan hefur verið mönnum ráðgáta. Finnur Jónsson (1886–1888:iii) taldi að vísaskrifarinn hefði notað sama blek og aðalskrifari í fyrri hluta („heraf er den første halvdel skrevet med det samme blæk, som det øvrige af sagaen er skrevet med“) en skipt yfir í sitt sérstaka blek í seinni hluta vísunnar. Seinna virðist Finnur (1912–1915 A I:49) hafa komist á aðra skoðun og segir að vísuhelmingarnir séu skrifaðir með tveimur höndum frá svipuðum tíma og hvorug sé hönd aðalskrifara („med to andre, dog samtidige hænder“). Sigurjón Páll Ísaksson (1994:111) telur að vísaskrifarinn hafi aðeins skrifað seinni helming vísunnar. De Leeuw van Weenen (2000:23) sýnist sem Finnur Jónsson (1886–1888:iii) hafi haft rétt fyrir sér um að í vísunni hafi vísaskrifari notað sama blek og aðalskrifari í fyrri hluta. Ef það væri rétt myndi það styðja hugmyndir Sigurðar Nordal og Bjarna Einarssonar um að skrifararnir hefðu unnið saman en ef í ljós kæmi að vísaskrifarinn notaði tvenns konar blek, og hvorugt kæmi úr blekbyttu aðalskrifara, væru það rök gegn samvinnu þeirra.

Á mynd 1 sést hvernig 8. vísa Egils sögu lítur út í Möðruvallabók. Af myndinni sést að vísan er skrifuð með tvenns konar bleki en höndin virðist vera hin sama (hönd vísaskrifarans). Lausamálstexti aðalskrifara í kring gæti verið skrifaður með sams konar bleki og fyrri hluti vísunnar en athyglisvert er að lausamálstextinn virðist vera máðari sem bendir til þess að hann sé eldri.


Stefán Karlsson taldi hönd vísaskrifarans vera á þremur ritum öðrum en Möðruvallabók. Þeirra á meðal er annáll sem er varðveittur í handritinu AM 420 a 4to (Skálholtsannáll, de Leeuw van Weenen 2000:23). Stefán Karlsson (1967:28) segir að aðalskrifari virðist hafa notið aðstoðar vísaskrifarans og hann notar það sem röksemd um aldur Möðruvallabókar að síðasta færsla í annálnum er frá árinu 1362. Vísaskrifarinn hefur skrifað annálinn eftir þann tíma og þar með verið virkur skrifari eftir miðja 14. öld.



Mynd 1 Vísa 8 í Egils sögu Möðruvallabókar (AM 132 fol, bl. 77v). Hún hefst með: <Saugðut sverri flagði>. Vísan fyllir ekki plássið sem tekið var frá undir hana.

Í umræddum annál notar vísaskrifarinn tvær ólíkar tegundir af bleki. Önnur líkist brúnleitu bleki sem notað var um alla Evrópu á miðöldum og ég kalla járnσύrublek (e. *iron gall ink*). Þetta blek virðist hafa verið hið venjulega blek á íslenskum handritum. Á síðari hluta 14. aldar sjást á Íslandi dæmi um nýtt blek (eigin athugun) sem ef til vill var heimager og er bláleitara. Hugsanlega var vísaskrifarinn í Skálholtsannál með fyrstu mönnum til að nota það. Hann notaði bæði brúna og bláa blekið í annálnum (hann skiptir um blek á bl. 9v). Í vísu Möðruvallabókar notar hann bláa blekið nema í vísu 8 þar sem hann notar brúnleitt blek í fyrri hluta vísunnar en bláa blekið í seinni hluta. Munurinn á bláa og brúna blekinu er mjög greinilegur á myndum teknum með myndavélum sem eru næmar fyrir innrauðu ljósi vegna þess að slíkur myndum er bláa blekið svart en hið brúna gegnsætt (ósýnilegt) en það er einkenni á járnσύrubleki. Á mynd 2 er innrauð mynd af vísu 8 og texta í kring.


Á mynd 2 sést bláa blekið vel sem vísaskrifarinn notaði fyrir seinni hluta vísunnar. Lítið sést af brúna blekinu sem hann notaði. Texti aðalskrifarans birtist hinsvegar sem hvítir stafir á dökkum grunni. Blaðsíða 77v er útsíða í kveri. Ljósir stafir á sams konar myndum eru áberandi á útsíðum kvera í Möðruvallabók. Það stafar líklega af því að útsíður hafa



Mynd 2 Vísa 8 í Egils sögu Möðruvallabókar (AM 132 fol, bl. 77v)). Mynd tekin með myndavél sem aðeins sér innrautt ljós (með lengri bylgjulengd en 950 nm).

fengið á sig meira af sóti, óhreinindum og ljósi en aðrar síður. Michael Chesnutt (2010:149) telur vafalaust að Möðruvallabók hafi um langan tíma legið óbundin í kverum sem gæti skýrt þetta. Blekið hefur hlíft undirlaginu og því er það ekki eins dökkt. Á blaðinu hægra megin eru ljósir stafir ekki áberandi. Það er af því að þar hefur síða, sem áður var útsíða, týnst úr Möðruvallabók og nýja útsíðan hefur ekki náð að safna óhreinindum. Annað dæmi um útsíðu er bl. 69v í Möðruvallabók. Hún er máð og ólæsileg en letur aðalskrifara sést á innrauðum myndum sem hvítir stafir á dökkum grunni (sjá Þorgeir Sigurðsson og fleiri 2013). Þriðja dæmið er ARINBJARNARKVIÐA sem er skrifuð á útsíðu í kveri á bl. 99v í Möðruvallabók (sjá Þorgeir Sigurðsson 2013:16–21). Hún er hvorki skrifuð með hendi aðalskrifara né vísnaskrifarans en hún virðist vera skrifuð með sams konar bleki og aðalskrifari notaði. Á innrauðum myndum sjást hvítir stafir á dökkum grunni.

Brúnt blek vísnaskrifarans (á mynd 2) framkallar daufa stafi, annars vegar gráleita stafi á ljósari grunni (vinstra megin í dálkinum) og hins vegar gráa stafi á dekkri grunni (hægra megin í dálkinum). Til að skýra



Mynd 3 Blað 77v í Möðruvallabók. Vísur 8 (til hægri) og 9 (til vinstri) eru skrifaðar í eyður. Vísa 9 er öll skrifuð með bláleitu bleki.

Þetta sýnist mér tvennt koma til greina. Annars vegar að bleikið sé ekki dæmigert járnsýrublek heldur hafi það gráan lit sem sést á innrauðum myndum þegar bakgrunnurinn er annaðhvort ljósari eða dekkri. Hinn möguleikinn er að bleikið sé dæmigert járnsýrublek en að aðalskrifari hafi skrifað á síðuna þegar hún var enn mjög ljós en vísnaskrifarinn eftir að hún dökknaði. Síðar hafi blaðsíðan bæði lýst og dökknað en liturinn undir blekinu haldist (útsíða gat orðið fyrir áhrifum sem lýstu bókfellið). Sé hið síðarnefnda rétt er það vísbending um að langur tími hafi liðið á milli þess sem aðalskrifari og vísnaskrifari voru að verki. En á hvorn veginn sem á þetta er litið sýnir vísa 8 ekki að vísnaskrifarinn hafi notað blekbyttu aðalskrifarans og er því ekki heimild um að skrifararnir hafi unnið saman. Hún sýnir fremur hið gagnstæða.

Á mynd 3 sjást vísur 8 og 9 í sögunni. Vísnaskrifarinn skrifaði vísu 9 með bláa blekinu eingöngu eins og allar vísur sínar nema vísu 8. Þarna sést greinilega hversu mikill munur er á letri aðalskrifara og á letri vísnaskrifarans (brúnt letur vísnaskrifarans sést varla).

Með því að bera saman plássið sem aðalskrifari tók frá fyrir hverja vísu og plássið sem vísnaskrifarinn notaði má rökstyðja að vísnaskrifarinn hafi ekki fært vísurnar inn jafnóðum (þ.e. hann hafi gert það síðar, hugsanlega löngu síðar). Þetta sést af töflu 1 og meðfylgjandi greinargerð.



Í útgáfu sinni 2001 á Egils sögu skrifar Bjarni Einarsson (eða ritstjórninn Michael Chesnutt) athugasemd við flestar vísur í eyðum og tilgreinir hvort þær fylli eyður eða hvort pláss sé of mikið eða of lítið. Þær sem hvorki eru sagðar of litlar né of stórar eru vísur 9, 20, 33, 36 og 38 (*Egils saga* 2001:61, 87, 114–115, 122–123, 124). Í Möðruvallabók sjást þessar vísur á blöðum 77v, 82v, 86v, 88v (vinstri dálkur) og 88v (hægri dálkur). Í öll skiptin hefur aðalskrifari tekið frá fjórar línur (eða nálægt því) eins og hann gerði venjulega og þessar vísur eru allar nálægt því að vera fjórar línur að lengd hjá vísaskrifaranum.

Í meðfylgjandi töflu nota ég plús (+) til að tákna að vísa sé um það bil tveimur atkvæðum of löng. Tveir plúsar (+ +) tákna að vísa sé fjórum atkvæðum of löng. Mínum (-) táknar að vísa sé tveimur atkvæðum of stutt. Ein handritalína er um það bil tólf atkvæði en dróttkvætt vísuorð hefur sex atkvæði og hver lína er mátuleg fyrir tvö vísuorð.

Vísa númer	Tekið frá	Lengd vísu	Vísa númer	Tekið frá	Lengd vísu
1	5	4 + +	33	4	4
8	4	4 - -	34	2	2 + +
9	4	4	35	4	4 -
19	4	4 +	36	4	4
20	4	4	38	4	4
23	(10,5)	2 + +	42	4	3 +
24	4 +	4	49	4 -	4 - -
32	4	4 -	50	(3)	2,5

Tafla 1 Lengd vísna (fjöldi handritalína) sem skrifaðar voru í eyður. Tölur í svigum tákna línur sem gætu hafa verið teknar frá fyrir bæði vísur og lausamálstexta.

Bjarni Einarsson (*Egils saga* 2001:87, 128) segir að of lítið pláss sé fyrir vísur 19 (*Hrammtangar lætr hanga*) og 42 (*Beitat nú sá er brugðum*) í *Egils sögu* (2003:81, 128). Í fyrra tilvikinu er vísan óvenju plássfrek og tekur meira en fjórar handritalínur. Vísaskrifari þurfti að skrifa eitt tveggja atkvæða orð í vinstri spássíu (sjá bl. 82v í Möðruvallabók). Í seinna tilvikinu hefur vísaskrifari gert mistök og sett þrjár línur í pláss sem átti að hafa fjórar línur (sjá bl. 89v). Hann hefur reynt að koma vísunni fyrir á þremur línunum en ekki tekist það og þurft að skrifa eitt tveggja atkvæða orð á milli lína. Vísan er rúmlega þrjár línur (ég skrifa í



töfluna að lengdin sé 3 +). Annaðhvort hefur aðalskrifarinn ekki strikað línur fyrir vísaskrifarann eða að strikin voru horfin þegar vísaskrifarinn kom til sögunnar.

Vísa 34 (*Erumka leitt*) er undir kviðuhætti. Bjarni (*Egils saga* 2001: 118) segir að plássið undir hana sé of lítið. Á bl. 87v sést að tvær línur voru teknar frá undir vísuna sem hefði verið mátulegt fyrir hálfa dróttkvæða vísu. Vísaskrifari skrifaði bæði út í vinstri og hægri spássíur vegna plássleysis. Lausavísur undir kviðuhætti eru fágætar og eðlilegt er að aðalskrifari geri ráð fyrir að allar lausavísur séu dróttkvæðar. Meðal-lengd á kviðuháttarvísu í ARINBJARNARKVIÐU á bl. 99v er um 2,7 handritalínur. Ef forskrift aðalskrifara hefur haft eyður af þeirri stærð gæti aðalskrifari hafa kosið að stytta þær í tvær línur eða lengja í fjórar. Hann tók frá tvær línur fyrir vísu 34 en fjórar línur fyrir vísuna sem átti að koma í óútfylltu eyðuna á bl. 86v. Í kafla 2 setti ég vísu 34 í þá eyðu.

Fjórum sinnum segir Bjarni (*Egils saga* 2001:61, 90, 118–119 og 140) að vísa fylli ekki pláss sem tekið var frá fyrir hana (vísur 8, 24, 35 og 49 í sögunni). Þessar vísur eru á blöðum 77v, 83r, 87v og 92v. Þær eru allar plássgrannar og fylla minna en fjórar línur, nema vísa 24 á blaði 83r sem er undantekning. Hún er fjórar línur að lengd en er ætlað stærra pláss. Þessi vísa fylgir vísu 23 sem ég ræddi í 1. kafla. Þar benti ég á að plássið fyrir vísu 24 væri óvenju stórt og benti á mögulega ástæðu fyrir því.

Vísa 49 á bl. 92v er óvenjuleg vegna þess að aðalskrifari tók frá minna pláss en fjórar línur fyrir hana. Plássið reyndist samt ríflegt. Hann tók sömuleiðis frá minna pláss en fjórar línur á bl. 93v fyrir vísu sem átti að fylgja frásögninni af ferð Egils um Eiðaskóg en vísaskrifarinn fyllti ekki upp í þessa eyðu (sjá nánar í 4. kafla hér að framan). Ástæðan í báðum tilvikum gæti verið að aðalskrifari hafi reynt að nýta betur bókfellið í síðasta kveri sögunnar. Bjarni Einarsson (2001:xxii) telur að aðalskrifari hafi orðið að stytta söguna í lokin til að koma henni fyrir í kverinu. *Egils saga* í Möðruvallabók nær yfir fimm kver. Síðasta kverið hefst á bl. 92r og sagan endar neðst á bl. 99r.

Um vísu 1 segir Bjarni (*Egils saga* 2001:34) að hún sé ekki nálægt því að fylla plássið sitt („fyllder ikke tilnærmelsesvis“). Í þetta skipti virðist aðalskrifari hafa gert mistök og tekið frá pláss fyrir fimm línur en ekki fjórar (sjá bl. 70v).

Vísa 50 er fyrsta erindi SONATORREKS. Aðalskrifari tók frá þrjár handritalínur fyrir það en inngang að kvæðinu vantar og vísaskrifarinn hefur bætt honum við: „ok er þetta upphaf kvæðis.“ Þetta er eina dæmið um





að vísaskrifari skrifi lausamálstexta. Hin óutfyllta eyða fyrir fyrsta erindi ARINBJARNARKVIÐU nær yfir rúmlega tvær og hálfu línu og gæti verið hæfilega stór. Báðar þessar eyður eru á bl. 94v.

Af ofansögðu sést að vísaskrifarinn skrifaði ekki vísur sínar í handritið um leið og kom að þeim í sögunni heldur tók aðalskrifari frá meðalpláss fyrir hverja þeirra og vænti þess að einhver fyllti eyðurnar síðar meir. Þetta hefur orðið til þess að margar vísur passa illa inn í lausamálstextann vegna stærðar sinnar. Aðalskrifari gæti sjálfur hafa ætlað að hafa upp á vísu og skrifa í eyðurnar. Í 1. kafla benti ég á að ef til vill gerði hann það í eyðu fyrir vísu 23 (*Sef-Skuldar fel ek sjaldan*). Þessi vísa er aðeins hálf og er skrifuð með stóru letri og tekur mun meira pláss en tvær línur (sjá bl. 83r). Aðalskrifari gæti sömuleiðis hafa tekið frá eyðu fyrir vísu númer 32 (*Þél hæggr stórt fyrir stáli*). Aðalskrifari skrifaði þá vísu alla nema tvö síðustu vísuorðin. Plássíð sem hann ætlaði fyrir alla vísuna (sjá bl. 85v) er nákvæmlega fjórar línur. Hefði hann tekið frá pláss fyrir tvö vísuorð hefði mátt búast við eyðu sem væri ein lína en plássíð er mun meira.

6. Samantekt

Egils saga í Möðruvallabók er fulltrúi fyrir aðalgerð sögunnar en sagan er til í tveimur öðrum gerðum. Alloft skildi aðalskrifari Möðruvallabókar eftir eyður, nærri alltaf fyrir heilar vísur. Annar skrifari (vísaskrifari) hefur síðar skrifað í eyðurnar en hann fyllti ekki upp í þrjár eyður þar sem koma áttu fyrsta erindi ARINBJARNARKVIÐU og tvær lausavísur. Það hefur lengi verið viðtekin skoðun sem kemur fram hjá Sigurði Nordal (1933:xv) að vísaskrifari hafi verið aðstoðarmaður aðalskrifara og hafi skrifað fyrir hann vísur úr handriti sögunnar sem verið var að afrita. Sigurjón Páll Ísaksson (1994:111) og Andrea de Leeuw van Weenen (2000:23) hafa sagt það jafn líklegt (Sigurjón) eða líklegra (de Leeuw van Weenen) að vísurnar hafi ekki verið í þessu handriti eða að ef þær voru þar hafi þær verið ónothæfar af einhverjum ástæðum. Bjarni Einarsson (2001:xxvii–xxix) telur hins vegar að ekki sé hægt að segja til um hvort vísurnar voru skrifaðar eftir sama handriti og sagan. Bjarni telur enn fremur að skrifararnir hafi að hluta til unnið náið saman. Vísa 8 er skrifuð með tvenns konar bleki og líkist annað þeirra bleki aðalskrifara. Á innrauðum myndum sýndi ég hinsvegar að blekið er mjög ólíkt. Það bendir til að skrifararnir hafi ekki unnið saman. Ég sýndi einnig að lík-





lega reyndi aðalskrifari alltaf að taka frá pláss fyrir vísur af meðalstærð, sem stundum passaði vel en ekki alltaf og sýnir að þær voru ekki færðar inn jafnóðum. Í þessari ritgerð setti ég mig í spor vísaskrifarans og leitaði að vísu Egils sem gætu komið í eyðurnar. Ég sýndi að tvær vísur Egils í Þriðju málfræðiritgerðinni gætu átt heima í sögunni. Önnur þeirra gæti átt heima í sögu um Vermalandsför Egils og þar með fyllt upp í aðra óútfylltu eyðuna fyrir lausavísur, en hin passar þar sem önnur vísa (númer 34 í sögunni) er í öðrum gerðum sögunnar. Sú vísa gæti síðan átt heima í hinni óútfylltu eyðunni. Ef þetta er rétt þarf að gera ráð fyrir að frásögnin af viðskiptum Egils og Eiríks konungs sé nokkuð öðruvísi í aðalgerðinni en í hinum gerðum sögunnar (með viðbótarvísu og vísu 34 á öðrum stað).

Ég bendi á að mismikil óvissa fylgir tillögum mínum í þessari grein. Mest er óvissan um vísu 34 (*Erumka leitt*). Sú sameiginlega niðurstaða okkar Sigurjóns og de Leeuw van Weenen að vísaskrifarinn hafi skrifað vísur í eyður eftir annarri heimild en aðalskrifari hafði virðist mér vera mjög líkleg. Ég tel mig hafa styrkt hana með blekrannsókn minni og sýnt að engin ástæða sé til að gera ráð fyrir að skrifararnir hafi unnið saman. Þetta gætu menn fallist á þótt þeim finnst annað í greininni vera langsótt en það gæti haft áhrif á hugmyndir um aldur Möðruvallabókar.

HEIMILDIR

- AM 132 fol (Möðruvallabók) á www.handrit.is
 AM 162 A þeta fol (Þeta-brot Egils sögu) á www.handrit.is
 AM 420 a 4to (Skálholts annáll) á www.handrit.is
 Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Orðabók Háskólans, Reykjavík.
 Bjarni Einarsson. 2001. Udgiverens forord & Indledning. *Egils saga Skallagrímssonar*. Útg. Bjarni Einarsson, Michael Chesnutt og Ragnheiður Mósesdóttir, bls. xix–lxv. Reitzel, Kaupmannahöfn.
 Chesnutt, Michael. 2010. On the structure, format, and preservation of Möðruvallabók. *Gripla* 21:147–167.
 Clunies Ross, Margaret (útg.). 2017. Egill Skallagrímsson — *Fragment 1*. Kari Ellen Gade og Edith Marold (ritstj.): *Poetry from Treatises on Poetics*. Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages 3, bls. 66. Brepols, Turnhout.
Egils saga 2001 = Bjarni Einarsson, Michael Chesnutt og Ragnheiður Mósesdóttir (útg.). 2001. *Egils saga Skallagrímssonar*. Reitzel, Kaupmannahöfn.
Egils saga 2003 = Bjarni Einarsson (útg.). 2003. *Egils saga*. Viking Society for Northern Research, London.
 Finnur Jónsson (útg.). 1886–1888. *Egils saga — tilligemed Egils störrre kvad*. Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur, Kaupmannahöfn.





- Finnur Jónsson (útg.). 1912–1915. *Den norsk-islandske skjaldedigtning*, A I, A II, B I, B II. Gyldendal, Kaupmannahöfn.
- Finnur Jónsson (útg.). 1927. *Málhljóða- og málskrúðsrit — Grammatisk-retorisk afhandling*. Det kongelige danske videnskabernes selskab, Kaupmannahöfn.
- Guðrún Nordal. 2015. *Ars metrica and the composition of Egil's saga*. Laurence de Looze, Jón Karl Helgason, Russell Poole og Torfi H. Tulinius (ritstj.): *Egil, the viking poet — New approaches to Egil's saga*, bls. 40–53. University of Toronto Press, Toronto.
- Haukur Þorgeirsson. 2016. *The dating of Eddic poetry — Evidence from alliteration*. Kristján Árnason o.fl. (ritstj.): *Approaches to Nordic and Germanic Poetry*, bls. 33–61. Institute of Linguistics, University of Iceland, Reykjavík.
- Helgi Hálfðanarson. 1954. *Slettireka — Leikmannsþankar um nokkrar gamlar vísur*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Hollander, Lee M. 1946. *Observations on skaldic rime usage with special reference to the dunhent and liðhent varieties of dróttkvætt*. *Publications of the Modern Language Association of America* 61(4):891–909
- de Leeuw van Weenen, Andrea. 2000. *A Grammar of Möðruvallabók*. Research School CNWS, Universiteit Leiden, Leiden.
- Poole, Russell (útg.) 2012. *Eyvindur skáldaspillir Finnsson — Háleygjatal 8*. Diana Whaley (ritstj.): *Poetry from the Kings' Sagas 1 — From Mythical Times to c. 1035*. *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages* 1, bls. 206. Brepols, Turnhout.
- Sigurður Nordal (útg.). 1933. *Egils saga*. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Sigurjón Páll Ísaksson. 1994. *Magnús Björnsson og Möðruvallabók*. *Saga* 32:103–151.
- Stefán Karlsson 1967 (útg.). *Sagas of Icelandic Bishops — Fragments of Eight Manuscripts*. *Early Icelandic Manuscripts in Facsimile* 7. Rosenkilde og Bagger, Kaupmannahöfn.
- Þorgeir Sigurðsson, Guðvarður Már Gunnlaugsson og Haukur Þorgeirsson. 2013. *Ofan í sortann — Egils saga í Möðruvallabók*. *Gripla* 24:93–120.
- Þorgeir Sigurðsson. 2013. *Arinbjarnarkviða — Varðveisla*. *Són* 11:13–33.
- Þorgeir Sigurðsson. 2016. *Tvískelfdur háttur og Rekstefja*. *Són* 14:37–74.

ENGLISH SUMMARY

HVÍ SKAL EIGI DREPA EGIL? *Empty spaces for stanzas in Egils saga*

Keywords: Egils saga, multispectral imaging, Old Norse poetry, manuscript dating.

The main manuscript of Egils saga is Möðruvallabók (M), a fourteenth-century collection of Sagas of Icelanders. There are two other extant redactions of the saga, both inferior to M. The saga in M has what amounts to 57 mostly *dróttkvætt* stanzas, a quarter of them (14¼) is written by a second hand, using different ink. It has long been assumed that the main scribe and the second scribe wrote their text concurrently and in cooperation. This has influenced the presumed dating of M because the second hand also copied a chronicle ending in the year 1362. An indication that the scribes worked together is that stanza 8 has the hand of the second scribe, but





with what appears to be a similar type of ink as used by the main scribe for the first half of the stanza. However, infrared photography reveals that the second scribe and the main scribe did not share the same ink for this stanza (see mynd 2). Furthermore, it is shown that nearly all the empty spaces left by the main scribe are of a standard size which suggests that the second scribe did not fill in the stanzas until after the main scribe had continued with his text. I conclude that there is no evidence for cooperation between the two scribes and a quarter of the stanzas in Egils saga in M need not belong to the main redaction of the saga.

The saga in M has empty spaces for two stanzas that the second scribe did not fill. Two stanzas exist outside of any saga manuscript that could belong to the saga. One of these fits reasonably well into one of these spaces as I discuss in this article. For the other to fit into the saga, one of the stanzas added by the second hand has to be in a different location than it is in the other two redactions.

